

Fundargerð byggingarnefndar fyrir nýjan skóla í Björkurstykki

26. fundur byggingarnefndar fyrir nýjan skóla í Björkurstykki föstudaginn 3. apríl 2020. Fundurinn var með rafrænum hætti gegnum fundarbúnaðinn Teams kl. 14:00.

Mætt frá byggingarnefnd: Arna Ír Gunnarsdóttir, formaður, Tómas Ellert Tómasson, Hrund Harðardóttir, Helga Sighvatsdóttir og Magnús Gíslaon. Emættismenn: Óðinn K. Andersen, Eiríkur Steinn Búason, Verkís, Sigurður Grímsson frá Eflu, Birgir Edwald og Þorsteinn Hjartarson sem ritaði fundargerð. Frá hönnuðum kom inn á fundinn Ólafur Hersisson frá Hornsteinum

Eiríkur Steinn fór yfir verkefni dagsins. Fara þarf yfir búnaðarlistann sem fundarmenn fengu í morgun. Einnig þarf að skoða teikningu heimasvæðann.

Meginmarkmiðið með búnaðarskjali er að beisla hug okkar gagnvart innréttingu rýmanna.

Umræða um snjallskjái og staðsetningu þeirra á kennslusvæðum. Lögð áhersla á sveigjanleika í notkun á slíkum búnaði.

Vinnuaðstaða kennara þarf einnig að vera sveigjanleg, allur gangur á því að það gildi eitthvað eitt í þeim efnum en það þarf lagnir m.a. fyrir tölvur og Wifi. Tenglarennur gætu verið á veggjum, leggja upp með það. Skoða brunna í gólfi, einkum í sérgreinastofum. Síður þörf á því í venjulegum kennslurýmum. Sveigjanleikinn frekar í veggjunum og ekki spara tengla og að greinarnar beri mörg tæki í tenglum.

Ólafur Hersisson kynnti teikningar af heimasvæðunum og einnig í þrívídd. Kynnti tvær mismunandi útfærslur A og B þar sem A er nýrri tillaga. Pælingar um útdraganlega felliveggi, t.a.m. milli kennslurýma. Umræða um skjái og staðsetningu þeirra og á töflum. Umræða um búnaðarlistann, t.a.m. í smíðastofu. Hönnuðir vilja gjarnan fá hópinn til að hugsa með okkur. Kjörið að tengja fagfólkið inn í þessa vinnu, svo sem gagnvart eldhúsinu. Ólafur varpaði upp þrívíddarteikningu af öllu húsinu.

Spurning um tæknibúnað til að stjórna hljóð og mynd í fjölnotasal og fleiri fjölnotarýmum.

Umræða um lofthæð í fjölnotasal og á milli sala. Í tengingunni er hámarkslofthæð 3 m+. Æfingasalur tónlistarskólans til umræðu og möguleika á opnun á milli yfir í fjölnotasalinn. Lofthæðin í æfingasalnum er um 3 m. Gert ráð fyrir sviði á mótum matsalar og fjölnotasalar. Einnig væri möguleika á opnun á milli frístundarýmis og matsalar. Tölvuver inn af æfingasalnum. Er gert ráð fyrir tónmenntastofu í grunnskólanum? Í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir slíku rými á efri hæðinni.

Umræða um að fá kokka með í pælingar um hvaða búnaður á að vera í eldhúsinu, svo sem hvort eigi að vera stór súpupottur o.s.frv.

Allir sammála um að velja tillögu A og laga atriði sem bent var sem snýr að vinnusvæði kennara.

Stefnt að vinnufundi í næstu viku nk. miðvikudag kl. 14:00

Fundi slitið kl. 15:20